

Ásvan ehf.  
Efstasundi 4  
104 Reykjavík

Reykjavík, 7. júlí 2022  
UST202205-197/F.K.  
07.05.02

### **Niðurstaða eftirlits í kjölfar ábendingar -- Kröfur um úrbætur**

Umhverfisstofnun barst ábending um að efnavara sem væri til sölu í verslun Hagar hf. (Hagkaup, Skeifunni 15) uppfylli mögulega ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013. Stofnunin vísar í bréf hennar til Ásvan ehf. sem ber ábyrgð á markaðsetningu vörunnar, dags. 13.5.2022, þar sem tilkynnt var um eftirlit með efnavöru í kjölfar ábendingar, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag og var einnig kynnt í tölvupósti til fyrirtækisins.

Markmið eftirlitsins er að kanna hvort varan uppfylli kröfur um merkingar skv. reglugerðar nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og kröfur varðandi merkingar skv. reglugerð nr. 300/2014 um þvotta- og hreinsiefni.

Eftirfarandi vara sem fellur undir umfang eftirlitsins var skoðuð hjá fyrirtækinu:

<b>Vara</b>	<b>Strikamerki</b>
Mist & Co Makeup Brush Cleaner daily – Green tea / Lime	5694110078711

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur um merkingar efna og efnablandna í samræmi við hættuflokkun þeirra sbr. 3. mgr. 32. gr. efnalaga.

**Umhverfisstofnun veitir Ásvan ehf. frest til 5.9.2022 til að senda stofnuninni afrit af merkimiða fyrir vöruna Mist&Co Makeup Brush Cleaner daily – Green tea/ Lime ásamt mynd af vörunni með merkingum til að sýna staðsetningu upplýsinga á vörunni í samræmi við reglugerð nr. 415/2014<sup>1</sup> um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna og reglugerð nr. 300/2014<sup>2</sup> um þvotta- og hreinsiefni.**

<sup>1</sup> Samsett reglugerð nr. 415/2014 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/Flokkun-og-merkingar/samsett-reglugerd-nr-415-2014.html>

<sup>2</sup> Samsett reglugerð nr. 300/2014 á vef Umhverfisstofnunar: <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Efni/samsett-reglugerd-nr-300-2014.html>

**Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), merkt málnúmerinu UST202205-197.**

Umhverfisstofnun veitir Ásvan ehf. hér með frest til 29.8.2022 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 29.8.2022. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 29.8.2022.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 30 gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna <https://ust.is/atvinnulif/efni/flokkun-merking-og-umbudir/> og þvotta-og hreinsiefni <https://ust.is/atvinnulif/efni/thvotta-og-hreinsiefni/> má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunnar.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Fífu Konráðsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið [fifak@ust.is](mailto:fifak@ust.is) til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllst

Fífa Konráðsdóttir,  
*sérfræðingur*

Bergdís Björk Bæringsdóttir,  
*sérfræðingur*

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla